


Sveinbjörn í Noregi

19. – 23. Ágúst 2009

Miðvikudaginn 19. ágúst fóru starfsmenn Flataskóla í náms og kynnisferð til Noregs, nánar tiltekið til Oslóar. Sveinbjörn fékk að fara með og naut hann ferðarinnar. Þetta var í fyrsta sinn sem Sveinbjörn fór til Noregs. Á leiðinni út fékk ég að fara í flugstjórnarklefan og það fannst mér skemmtilegt. Ég var líka svo heppinn að fá sér sæti í flugvélinni. Þegar við lentum á Gardemoen fórum við í rútu inn í miðborg Oslóar og fórum á hótelið okkar.



Á fimmtudeginum fórum við í skólaheimsókn í Lutvann skole. Í Lutvann skole fórum við á útikennslunámskeið og það var mjög skemmtilegt. Við fórum með lest frá miðbænum og til Lutvann skole en hann er í útjaðri Ósló.



Á föstudeginum fórum við með rútu til Harestua og Grua og heimsóttum norska SMT skóla. Það var gaman að sjá fleiri börn vera dugleg að fara eftir síðum síns skóla alveg eins og börnin í Flataskóla.



Alla morgnana borðuðum við morgunmat á hótelinu en það var misjafnt hvað við fengum í kvöldmat.

Á sunnudeginum fórum við í lautarferð í Vigelandsparken í sól og blíðu en seinni partinn fórum við aftur heim til Íslands.

Þetta var góð ferð en það er alltaf enn betra að komast á bóksafnið í Flataskóla.

